

**Sp. 74. Tillaga til þingsályktunar [55. mál]**

um þjóðaratkvæði um innflutnings-, framleiðslu- og sölubann á áfengum drykkjum.

Flm.: Sigfús Sigurhjartarson, Pétur Ottesen, Halldór Ásgrímsson,  
Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram þjóðaratkvæði meðal alþingiskjösenda samtímis næstu alþingiskosningum um, hvort lögfesta skuli algert innflutnings-, framleiðslu- og sölubann á áfengum drykkjum.

**Greinargerð.**

Tillaga þessi til þingsályktunar felur í sér þá ákvörðun, að þeim, sem hafa kosningarrétt til Alþingis, skuli gefinn kostur á að láta í ljós álit sitt um, hvort sett skuli lög um algert áfengisbann. Gert er ráð fyrir, að hugtakið áfengur drykkur verði skilgreint á sama hátt sem gert er í 1. gr. áfengislaganna frá 9. jan. 1935, þ. e. að áfengur telst hver sá vökvi, sem meira er í af vinanda að rúmnáli en  $2\frac{1}{4}\%$ .

Ástandið í áfengismálum er nú með þeim hætti, að ekki verður við unað. Alþingi hefur þó vikið sér undan þeim vanda að gera nokkrar ráðstafanir til úrbóta, og mun tvennt einkum valda:

1. mjög skiptar skoðanir þingmanna og almennings um, hvaða leiðir sé vænlegast að fara;
2. þingmönnum ýmsum hefur þótt sér nokkur vandi á höndum að gera ráðstafanir, sem leiddu til þess, að tekjur ríkissjóðs af áfengissölu minnkuðu verulega, þar sem það mundi leiða til þess, að afla yrði ríkissjóði tekna á annan hátt.

Hvað fyrra atriðið snertir, virðist eðlilegt — og eins og þessum málum nú er komið að segja má óhjákvæmilegt — að fela þjóðinni sjálfri, alþingiskjösendum við leynilega atkvæðagreiðslu að láta í ljós álit sitt um, hverri hinna tveggja meginstefna í þessu máli beri að fylgja, varnarstefnunni, sem leggur bann við innflutningi og tilbúningi áfengra drykkja, eða áhættustefnunni, sem löghelgar áfengissölu og takmarkalaust vínflóð um allar byggðir landsins. En eftir þessari stefnu er nú málum þessum stýrt, eins og kunnugt er. Vissulega mundi slík atkvæðagreiðsla vekja margan mann til umhugsunar um það, hvar þjóðin er nú á vegi stödd í þessum málum. Dæmin eru hvarvetna nærtæk. Sporin hræða. Vakandi meðvitund almennings um þau örlög, sem þjóðinni eru búin vegna ofdrykkjunnar, getur ein valdið straumhvörfum í þessu máli. Vissan um afstöðu þjóðarinnar til þeirra gagnólíku sjónarmiða, sem getið er um hér að framan, mundi vafalaust skapa nýtt viðhorf hjá fulltrúum þjóðarinnar á Alþingi til þessara mála. Hins vegar er það sýnilegt, ef ekki ris upp með þjóðinni sterk og öflug hreyfing til viðnáms og varnar þeim þjóðar-

voða, sem af jafntaumlausri áfengisnautn stafar eins og hér á sér stað, þá er hætt við, að áfram ríki á Alþingi það sama ófremdarástand og aðgerðaleysi í þessum málum, sem auðkennt hefur þann feril allan nú að undanfögnu.

Um síðara atriðið, tekjumissi ríkissjóðs vegna afnáms áfengissölu, er það að segja, að að því leyti sem þessar tekjur fara ekki beint og óbeint til útgjalda vegna gagnráðstafana, sem ríkið kemst ekki hjá að gera til að mæta afleiðingum drykkjubölsins, þá verður vitanlega að afla nokkurra nýrra tekna til handa ríkissjóði. En því má ekki gleyma, að ef drykkjubölinu er létt af þjóðinni, stendur hún ólíkt betur að vígi til þess að greiða þessi gjöld en ella.

Það eitt út af fyrir sig er skýrt og órækt dæmi þess, hvað afleiðingar drykkjuskaparins koma þungt niður á ríkissjóði og sveitarsjóðum, að í tillögum, sem ríkisstjórnin hefur lagt fram á Alþingi því, er nú situr, er í fyrsta lagi ráð fyrir því gert, að varið verði úr ríkissjóði árlega í næstu 6 ár hálfri annarri milljón króna, eða alls 9 milljónum, til þess að koma upp hæli fyrir þá menn, sem vinnuáttin er komin vel á veg með að eyðileggja, en þó er þannig ástætt um, að líkur eru taldar til, að þeir geti rétt við með lækniáðgerð um lengri eða skemmri tíma. Í öðru lagi er til þess stofnað í þessum sömu tillögum, að sveitarfélög reisi jafnframt á sinn kostnað, með nokkrum fjórframlögum úr ríkissjóði, hæli fyrir þá áfengissjúklinga til ævilangrar dvalar, sem eru svo langt leiddir, að heilsu þeirra og siðferðisþreki verði ekki við hjargað.

Lagt er til, að þjóðaratkvæði um áfengisbann fari fram jafnhliða næstu alþingiskosningum. Að því fyrirkomulagi mætti verða nokkur sparnaður fyrir ríkið og þægindi fyrir kjósendur.

Tveir hagfræðingar, þeir Jónas Haralz og Torfi Ásgeirsson, hafa að tilhlutan Stórstúku Íslands, I. O. G. T., framkvæmt skoðanakönnun með það fyrir augum að grennslast um afstöðu þjóðarinnar til áfengisbanns. Sjálfsagt er að líta á niðurstöður skoðanakönnanna með fyllstu varúð, en ekki verður því móti mælt, að þessi skoðanakönnun, það sem hún nær, bendi í þá átt, að verulegur vilji sé fyrir hendi hjá þjóðinni til þess að hverfa frá þeirri stefnu í áfengismálum, sem fylgt hefur verið um sinn. Skýrsla hagfræðinganna um þessa skoðanakönnun fer hér á eftir ásamt bréfi þeirra varðandi skýrsluna.

## Fylgiskjal I.

Reykjavík, 29. okt. 1948.

Við sendum yður hér með fyrri hluta skýrslu varðandi skoðanakönnun um áfengisbann á Íslandi, er framkvæmd var á s. l. sumri. Fjallar þessi hluti skýrslunnar um fyrirkomulag könnunarinnar, heildarniðurstöður hennar og athugasemdir varðandi túlkun þeirra niðurstæðna. Í síðari hluta skýrslunnar verður gerð grein fyrir því, hvernig skoðanir um þetta mál breytast með tilliti til aldurs, kynferðis, húskaparstéttar, atvinnustéttar og stjórnmálaskoðana. Þar sem útreikningar varðandi þessi atriði eru allseinlegir, hefur ekki unnizt tími til að framkvæma þá að svo stöddu. Niðurstöður þessara útreikninga geta haft nokkur áhrif á heildarútkomuna, en ekki meira en svo, að skakki nokkrum prósentum til eða frá, þannig að heildarmyndin verður undir öllum kringumstæðum óbreytt. Athygli skal vakin á því, að skipting sú, sem notuð er í þessari skýrslu, er ekki byggð á sama grundvelli og gert var í bráðabirgðaskýrslu þeirri, er vér gáfum á s. l. sumri, að því leyti, að þeir, sem töldu sig mundu greiða atkvæði gegn banni, voru óákveðnir eða töldu sig mundu greiða atkvæði með banni, en létu athugasemdir fylgja, er raunverulega virtust gefa lið gagnstæða til kynna, hafa hér verið taldir í einum hóp, og þeir, sem töldu sig mundu greiða atkvæði með banni án þess að láta slíkar athugasemdir fylgja, í öðrum hóp. Í bráðabirgðaskýrslunni voru hins vegar allir þeir, er töldu sig mundu

greiða atkvæði með banni, taldir saman, einnig þeir, er gefið höfðu slíkar athugasemdir, er fyrir getur. Mismunur niðurstaðnanna á þessum tveim skýrslum stafar aðallega af þessum ástæðum.

Virðingarfyllst,

Skoðanakönnunin

Torfi Ásgeirsson. Jónas H. Haralz.

Til Stórstúku Íslands, Reykjavík.

## Fylgiskjal II.

Greinargerð varðandi skoðanakönnun um áfengisbann á Íslandi.

### *I. Inngangur.*

Skoðanakönnun þessi var framkvæmd í maí- og júnímánuðum s. l. Var sú aðferð notuð, sem yfirleitt tíðkast um skoðanakannanir, að framkvæmdin var falin sérstökum trúnaðarmönnum, er lögðu spurningar fyrir fólk, er þeir völdu með tilliti til ákveðinna reglna, er þeim voru gefnar. Miðuðu þessar reglur að því að tryggja það, að úrtakið gæfi sem réttasta mynd af öllum kjósendum með tilliti til aldurs, kynferðis, hjúskaparstéttar, atvinnustéttar, stjórnmalaskoðana og búsetu. Að því leyti sem ekki hefur tekizt að fá viðunandi hlutföll hvað snertir þessi atriði í sjálfu úrtakinu, hefur þetta verið leiðrétt, þegar heildartölurnar hafa verið reiknaðar út, með því að gefa hverjum hóp þann þunga, sem svarar til hlutfallstölu hans meðal allra kjósenda.

Spurningar þær, er lagðar voru fyrir, voru eftirfarandi:

1. Ef fara ætti fram innan skamms þjóðaratkvæðagreiðsla um algert áfengisbann á Íslandi, munduð þér þá mæta á kjörstað til þess að greiða atkvæði?  
(Já eða Nei.)
2. Ef þér mættuð á kjörstað og greidduð atkvæði, mundi það þá verða:  
Með banni?                      Gegn banni?

Enn fremur var gert ráð fyrir, að trúnaðarmenn skrifuðu niður athugasemdir þeirra aðspurðu eftir því, sem tilefni gæfist til. Hefur einkum verið gert mikið að þessu í Reykjavík.

Tilgangur þessarar skoðanakönnunar var ekki sá að reyna að fá hugmynd um það, hver úrslit raunverulegrar þjóðaratkvæðagreiðslu mundu verða. Eins og nánar er vikið að síðar, verður slíkt að teljast ókleift að svo stöddu. Tilgangurinn var eingöngu sá að reyna að komast að nokkurri raun um afstöðu manna til algers áfengisbanns, eins og sú afstaða er nú. Spurningarnar voru orðaðar með þeim hætti, er að framan greinir, til þess eins að hafa þær sem hlutlausastar, þannig að sjálfar spurningarnar hefðu sem minnst áhrif á þá aðspurðu, og til þess að gera þeim auðveldara að átta sig á spurningunum, og til þess að þeir gætu sett svar sitt í samband við ákveðinn hugsaðan verknað, en allt þetta er mjög þýðingarmikið við skoðanakannanir.

### *II. Heildarniðurstöður.*

Heildarniðurstöður könnunarinnar sjást í eftirfarandi töflu, og eru þar einnig sýndar til samanburðar niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslunnar árið 1933. Hafa svörin verið flokkuð í tvo flokka. Í fyrri flokknum eru þeir, er telja sig mundu greiða atkvæði með banni, og ekki hafa gert þær athugasemdir við svar sitt, er gæfu til kynna alvarlegar efasemdir í sambandi við það. Í síðari flokknum eru þeir, er telja sig mundu greiða atkvæði gegn banni, og þeir, sem telja sig ekki mundu greiða atkvæði eða ekki hafa sagzt vita, hvornig atkvæði þeirra mundu falla. Enn fremur

hafa verið taldir í þessum flokki þeir, er hafa sagzt mundu greiða atkvæði með banni, en látið athugasemdir fylgja, er virðast gefa það til kynna, að afstaða þeirra sé ekki eins ákveðin og svarið ber með sér. Algengasta athugasemd af þessu tagi er sú, að aðspurðir séu því aðeins fylgjandi banni, að það sé framkvæmt út í yztu ásar, en alvarlegar efasemdir jafnframt látnar í ljós um það, að slík framkvæmd sé hugsanleg. Gefur þessi tvískipting ljósara yfirlit um niðurstöðurnar en ýtarlegri skipting mundi gera, og að okkar dómi einnig réttara, eins og nánar verður vikið að síðar. Í töflunni eru tölur sýndar sérstaklega fyrir sveitir og kaптún með minna en þrjú hundruð íbúum, fyrir stærri kaптún, kaupstaði utan Reykjavíkur, Reykjavík og loks landið allt. Í sveitum og smærri kaптúnum telur sig mestur fjöldi fylgjandi banni, eða 82%, en 18% eru andvígir banni eða óákveðnir. Í stærri kaптúnum er meiri hlutinn með banni nokkru minni, eða 70%, en 30% andvígir banni eða óákveðnir. Í kaupstöðum utan Reykjavíkur eru samsvarandi tölur 58% og 42% og í Reykjavík 36% og 64%. Reykjavík er þannig eini landshlutinn, þar sem meiri hluti kjósenda telur sig andvíginn banni, er óákveðinn eða lætur fylgi sitt við bannið vera hundið þeim forsendum, er raunverulega virðast gefa gagnstæða afstöðu til kynna. Fyrir landið allt eru tölurnar 58% með banni og 42% andvígir og óákveðnir.

#### Skoðanakönnun í júní 1948:

	Með banni %	Gegn banni og óákveðnir %	Alls %
Sveitir og minni kaптún .....	82	18	100
Stærri kaптún (yfir 300 íb.) .....	70	30	100
Kaupstaðir utan Reykjavíkur .....	58	42	100
Reykjavík .....	36	64	100
Allt landið .....	58	42	100

#### Þjóðaratkvæðagreiðsla 1933:

	Gr. atkv. með banni % af kjósendum	Gr. atkv. gegn banni % af kjósendum	Kjós., sem ekki gr. atkv. eða skiluðu auðu % af kjós.	Alls %
Sýslukjördæmi .....	19	18	63	100
Kaupst.kjördæmi utan Rvíkur	26	27	47	100
Reykjavík .....	16	40	44	100
Allt landið .....	19	25	56	100

### III. Túlkun niðurstöðnanna.

Eins og þegar hefur verið vikið að, teljum við ekki, að niðurstöður þessarar skoðanakönnunar megi túlka á þá lund, að þær gefi hugmynd um niðurstöður raunverulegrar þjóðaratkvæðagreiðslu. Liggja til þess þær ástæður, er nú skal greina:

1. Þessi skoðanakönnun hefur farið fram við allt önnur skilyrði en atkvæðagreiðsla mundi gera. Það má heita að bannmálið hafi ekki verið á dagskrá í almennum umræðum síðan bannið var afnumið fyrir rúmum 15 árum síðan. Enginn áróður, er heitið geti, hefur því verið rekinn, hvorki með né móti. Á undan atkvæðagreiðslu mundi eiga sér stað öflugur áróður um margra mánaða skeið, er mikil áhrif mundi geta haft.

2. Það virðist bersýnilegt, að spurningarnar komi mörgum hinna aðspurðu mjög á óvart, þeir hafi ekki um málið hugsað, ekki myndað sér ákveðna skoðun, og má því búast við, að það svar, er þeir gefi, sé annað en verða mundi, eftir að meiri umræður hefðu farið fram um málið og öflugur áróður verið rekinn. Í þessum hópi eru að sjálfsögðu þeir, sem ekki telja sig mundu greiða atkvæði eða ekki segjast vita, hvernig atkvæði þeirra mundi falla, en einnig margir þeirra, er telja sig mundu greiða atkvæði með banni. Hins vegar virðist af athugasemdunum að dæma afstaða þeirra, er telja sig mundu greiða atkvæði gegn banni, vera mjög ákveðin.

3. Allmargir þeirra, er telja sig mundu greiða atkvæði með banni, hafa látið þá athugasemd fylgja, að sú afstaða þeirra sé algerlega eða að mestu bundin við það, að banninu yrði rækilega framfylgt, komið í veg fyrir brugg og snygl og engar undanþágur leyfðar. Jafnframt hafa margir þessara manna látið þá skoðun í ljós, að þeir hefðu ekki trú á, að þessi skilyrði yrðu uppfyllt hér á landi. Hafa þessir menn ekki verið taldir með bannmönnum, heldur í hinum hópnum, þar sem afstaða þeirra með banni er bundin skilyrðum, sem þeir sjálfir telja, að ekki yrðu uppfyllt. Að okkar dómi hefði skoðanakönnunin sennilega gefið réttari mynd af afstöðu manna, ef ríkar hefði verið gengið eftir, að menn létu athugasemdir fylgja svári sínu, en þá hefði um leið orðið meiri hættá á því, að um áhrif frá spyrjendum yrði að ræða.

4. Við teljum, að nokkur brögð hafi verið að því, að þeir, sem töldu sig mundu greiða atkvæði með banni, hafi verið að láta í ljós afstöðu sína til annars en um var spurt. Þeir hafi hugsað eitthvað á þessa leið: „Ef ég segist mundu greiða atkvæði gegn banni, er ég með því að lýsa velþóknun minni á ástandinu í áfengismálunum. Það vil ég ekki gera, og þess vegna verð ég að telja mig fylgjandi banni.“ Þessa og aðrar skoðanir okkar varðandi túlkun niðurstaðnanna byggjum við ekki hvað sízt á okkar eigin reynslu sem spyrjendur og á þeim athugunum, sem ýmsir trúnaðarmanna hafa gert grein fyrir.

5. Ef hér hefði verið um að ræða tilraun til þess að komast að raun um niðurstöður raunverulegrar þjóðaratkvæðagreiðslu, hefði orðið að taka tillit til þess, að kosningabátttaka fer eftir ýmsum einkennum, er t. d. minni meðal kvenna en karla o. s. frv. Þetta hefur ekki verið gert, enda ekki ástæða til þess, þar sem könnunin hvort sem er getur ekki gefið hugmynd um slíka atkvæðagreiðslu.

Af því, sem hér hefur verið sagt, er ljóst, að ekki má túlka niðurstöður þær, er hér eru birtar, á þá lund, að þær gefi til kynna sennilega niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslu um algert áfengisbann á Íslandi. Hins vegar er enginn vafi á því, að þær gefa ótvírætt til kynna mjög almenna óánægju með það ástand, sem nú er ríkjandi í áfengismálunum, og það jafnframt, að allmikill hljómgrunnur sé eins og stendur fyrir áfengisbanni hjá meiri hluta kjósenda, enda þótt ekkert verði um það fullyrt, hvernig sú afstaða kynni að breytast, ef um raunverulega þjóðaratkvæðagreiðslu yrði að ræða.

Hér skal að lokum gerð nokkur grein fyrir úrslitum þjóðaratkvæðagreiðslunnar árið 1933. Mjög mikill hluti kjósenda tók ekki þátt í þeirri atkvæðagreiðslu, eða 56%. Meðal kvenna var kosningabátttakan aðeins 32% og meðal karla 60%. Með afnámi bannlaganna greiddu atkvæði 18% kjósenda í sýslukjördæmum, 27% í kaupstöðum utan Reykjavíkur og 40% í Reykjavík. Á öllu landinu var þessi hlutfallstala 25%. Með banni voru samsvarandi hlutfallstölur 19%, 26%, 16% og 19% á öllu landinu. Hlutfallstölur þeirra, er ekki tóku afstöðu, annaðhvort með því að sitja heima eða skila auðu, voru á sama hátt 63%, 47%, 44% og 56% á öllu landinu. Af þessu er ljóst, að jafnvel við þær aðstæður, er ríkjandi voru árið 1933, var aðeins lítill hluti kjósenda reiðubúinn að taka ákveðna afstöðu gegn banni. Það verður að teljast mjög sennilegt, að sá stóri hópur kjósenda, sem ekki tók ákveðna afstöðu 1933, og þeir yngri kjósendur, sem svipaðs sinnis eru, fylli nú yfirleitt flokk þeirra, sem í skoðanakönnuninni telja sig mundu greiða atkvæði með banni, og að mismunur sá, er kemur í ljós á þjóðaratkvæðagreiðslunni 1933 og skoðanakönnuninni nú, byggist fyrst og fremst á þessu. Er í því sambandi eftirtektarvert, að þar, sem kosningabátttakan 1933 var minnst, í sveitunum og meðal kvenna almennt, þar er nú í skoðanakönnuninni að finna mest bannfylgið.

Það, sem veldur mismunandi afstöðu þessara kjósenda þá og nú, er hvort tveggja, allt aðrar ytri kringumstæður og það, að nú er ekki um raunverulega atkvæðagreiðslu að ræða. Um það, hvernig þessi afstaða kynni á ný að breytast, ef til atkvæðagreiðslu kæmi, verður, eins og fyrr segir, ekki spáð.